

Skýrsla stjórnar 2020-2021

Í stjórn sitja:

Formaður Hrefna Díana Viðarsdóttir,

Varaformaður Inga Jóna Óskarsdóttir,

Gjaldkeri Sonja Kjartansdóttir,

Meðstjórnandi Puríður E.

Meðstjórnandi Arndís Pálsdóttir.

Haldnir voru 10 stjórnarfundir á þessu tímabili.

Verkefni stjórnarinnar þennan veturinn hafa verið ansi fjölbreytt þetta árið. Covid hefur kollvarpað öllu starfi en það hefur, sama sem ekkert, verið hægt að koma saman á námskeiðum, fundum, útskrift, kynningu félagsins í skólum eða á okkar árlegu ráðstefnu. Allir kjörnir fulltrúar okkar í stjórn og nefndum hafa þurft að hugsa allt starf upp á nýtt og þurft að nýta sér og læra á ýmis konar hugbúnað til að geta starfað fyrir félagið og sinnt þeim verkefnum sem þeir voru kjörnir til að sinna.

Stjórnin þurfti að takast á við krefjandi verkefni á árinu sökum frumvarps um niðurfellingu 43.gr 145/1994 laga um bókhald. Við funduðum með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og þeim skólum sem bjóða upp á undirbúnings námskeið fyrir próf til viðurkenningar bókara. Við höfum fundað með formanni VR til að tryggja okkur aðgengi að lögfræðingi félagsins til ráðleggingar varðandi framtíð félagsins. Við boðuðum til rafræns félagsfundar og mynduðum nefnd til að ræða framtíð félagsins og skila af sér álitum sem verður kynnt á þessum fundi undir önnur mál. Stjórnin skilaði af sér tveimur umsögnum; eitt í samráðsgátt stjórnvalda og annað í Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Í framhaldi af því áttum við einnig símafund með Efnahags- og viðskiptanefndinni.

Stjórnin tilnefndi fulltrúa sem tóku þátt í verkefnum eins og að sitja fund með Working Group on Bribery hjá OECD síðasta sumar, vegna úttektar þeirra á Íslandi, og einnig til að taka þátt í vinnuhópi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í heildaryfirferð laga um bókhald nr. 145/1994. Svo eins og þið heyrið þá hafa verkefni okkar verið heldur krefjandi og óvenjuleg en samt skemmtileg og lærdómsrík.

Félagsmenn

Í félaginu okkar voru um áramótin 518 félagar. Það bættust við 58 félagar á árinu, 14 hættu og 28 eru ellilífeyrisþegar.

Útskrift.

Því miður var útskrift viðurkenndra bókara ekki haldin hátíðleg enn eitt árið vegna Covid en hefð hefur verið fyrir því að formaður eða fulltrúi félagsins sé viðstaddur og færi þremur hæstu útskriftarnemum blómvönd og kynni félagið. Engu að síður þá útskrifuðust 73 manns sem skiptust í 14 karlmenn og 59 kvk. Við óskum þeim innilega til hamingju með útskriftina og bjóðum þeim velkomin í starfsstéttina.

Launakönnun.

Nýlega var árleg launakönnun félagsins lögð fyrir félagsmenn og var svarhlutfallið 39%. Nú er verið að vinna úr henni og verða niðurstöðurnar birtar á innra svæði vefsíðu okkar. Síðustu árin hefur launakönnun verið rafræn og þetta árið var hún unnin af Arcade.

Félagsgjöld.


Félagsgjöld hafa verið kr.13.000 og inntökugjaldi 2.000 kr sem greiðist aðeins einu sinni við inngöngu í félagið. Gjaldkeri félagsins mun gera nánari grein fyrir fjármálastöðu félagsins þegar ársreikningur verður lagður fram á aðalfundinum.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim félagsmönnum sem starfað hafa fyrir FVB þetta viðburðaríka ár og ekki síst þakka ég Ingu starfsmanni okkar fyrir vel unnin störf og gott samstarf.


Stjórnin þakkar gott samstarf við félagsmenn.

Reykjavík, 19.03.2021

Stjórn Félags viðurkenndra bókara




Hrefna Díaná Viðarsdóttir, formaður fvb




Inga Jóna Óskarsdóttir, varaformaður fvb



Arndís Pálsdóttir, meðstjórnandi



Sonja Kjartansdóttir, gjaldkeri



Þurðíður E., meðstjórnandi